

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

#### *Jafnasel 2-4.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 23. ágúst 1999 samþykkt breytingu á skipulagi lóðar nr. 2-4 við Jafnasel. Við breytinguna fellur úr gildi sameining lóðarinnar við Jafnasel 6 frá 26. mars 1996. Þá verður hús á lóðinni einnar hæðar með flötu þaki í stað einnar hæðar með portbyggðu, nýtanlegu risi.

Skipulagsbreytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til yfirferðar.  
Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Laugvegur 180.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 30. júlí 1999 samþykkt skipulag lóðar nr. 180 við Laugaveg. Á lóðinni verði heimilt að reisa sex hæða stakstætt skrifstofuhús með verslun á fyrstu hæð og bílageymslukjallara.

Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar.  
Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 29. desember 1999.*

**Þorvaldur S. Þorvaldsson** skipulagsstjóri.

## AUGLÝSING

### gjaldskrár fyrir hundahald á Hellu árið 2000.

#### 1. gr.

Gjald fyrir að halda hund sbr. 1. lið 2. gr. samþykktar um hundahald á Hellu nr. 76/1975, skal á árinu 2000 vera kr. 7.109. Gjaldalagi er 1. janúar og eindagi 29. febrúar vegna hunda sem eru á skrá um áramót, annars er 30 daga gjaldfrestur.

Allur kostnaður vegna föngunar og vörslu hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkalls-kostnaður, bifreiðakostnaður, búrleiga og auglýsingar, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfiss-hafa eða umráðamanni hunds, sé um leyfislausan hund að ræða.

#### 2. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps þann 11. nóvember 1999 samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunar-varnir og gildir fyrir árið 2000. Heilbrigðisnefnd Suðurlands samþykkti gjaldskrána þann 30. nóvember 1999.

*Hellu, 29. desember 1999.*

F.h. sveitarstjórnar Rangárvallahrepps,

**Guðmundur Ingi Gunnlaugsson** sveitarstjóri.